



Verkmenntaskólinn  
á Akureyri

# Móttaka nemenda af erlendum uppruna



Handbók  
Verkmenntaskólinn á Akureyri 2014

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fjölmening – bakgrunnur nemenda.....	4
Innritun í framhaldskóla.....	5
Dvalarleyfi, kennitala, tryggingar og heilbrigðisvottorð .....	5
Fyrstu skrefin í skólanum.....	6
Fyrsti skóladagurinn.....	7
Stöðumat.....	7
Gátlisti námsráðgjafa vegna móttöku nemenda af erlendum uppruna.....	7
1. Innritunarviðtal .....	7
2. Móttökuviðtal.....	8
3. Fyrstu skrefin í skólanum.....	8
4. Staða nemanda á miðri fyrstu önn, fundur með foreldrum/forráðam.....	9
5. Framvinda skólagöngu nemandans .....	9
Yfirlit yfir gagnlegar vefsíður.....	10

## Inngangur

Gildi og áhrif fjölmennningar fyrir íslenskt samfélag er orðið sýnilegt og hefur samfélagið tekið fjölmennningarlegum breytingum á síðustu árum, framhaldsskólar eru þar ekki undanskildir. Á síðustu árum hefur skólasamfélagið öðlast fjölmennningarlegri blæ og nemendum í framhaldskólum á Íslandi sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað.

Að mörgu er að hyggja þegar tekið er á móti nýnemum í framhaldsskóla og þegar við bætist að nemandinn er að koma úr öðru menningarumhverfi þar sem íslenskan er ekki fyrsta tungumál, þarf að huga að ýmsum þáttum er lúta að því.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) er kveðið á um að hver skóli skuli gera áætlun um innritun og móttöku nemenda af erlendum uppruna. Þar kemur jafnframt fram að skólar skuli koma til móts við þarfir nemenda hvað varðar íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu. Liðsinna við heimanám, stuðla að jafningjastuðningi og veita önnur þau ráð sem að gagni mega koma.

Þessi handbók er hugsuð til að auðvelda starfsfólki VMA, starfsfólki grunnskóla, nemendum og foreldrum/forráðamönnum það ferli sem nauðsynlegt er að fari fram áður en nemandi hefur nám í VMA.

Við gerð handbókarinnar var haft til hliðsjónar það vinnulag sem hefur skapast undanfarin ár í VMA við móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku. Einnig er stuðst við handók sem Menntasvið Reykjavíkurborgar gerði í samvinnu við EYÞING árið 2009 og VMA fékk leyfi til að nota. Jafnframt hefur vinnuhópurinn fengið upplýsingar og efni frá Fjölbrotarskólanum í Breiðholti. Aðilum eru færðar þakkir fyrir að fá að nýta og staðfæra upplýsingar þeirra.

Vinnuhópur um móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna hóf störf vorið 2013 og skilaði áætluninni ásamt handbók þessari í lok maí 2014. Í vinnuhópnum voru Sigríður Huld Jónsdóttir aðstoðarskólameistari, Svava Hrönn Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Svanhildur Daníelsdóttir sérkennari. Verkefnið var unnið með styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## Fjölmening – bakgrunnur nemenda

Mikilvægt er að starfsfólk skólans geri sér grein fyrir því að bakgrunnur nemenda af erlendum uppruna getur verið afar misjafn og að einstaklingar frá sama landi geta jafnvel haft mismunandi menningarlegan bakgrunn. Því er mikilvægt að allt starfsfólk geti leitað sér upplýsinga um hvað til þarf til að stuðla að farsælli skólagöngu allra nemenda, ekki síst þeirra sem eru að koma erlendis frá og hefja skólagöngu í skólaumhverfi sem þeir þekkja ekki.

Nemendur af erlendum uppruna eiga það yfirleitt sameiginlegt að hafa litla sem enga þekkingu í íslensku. Þá þurfa þeir oft á tíðum að tileinka sér nýja siði og venjur í samskiptum og læsi á íslenska menningu. Mikilvægt er að líta á þá sem hæfileikaríka einstaklinga með fjölbreytta þekkingu og kunnáttu.

Í skólum, þar sem tekið er á móti nemendum af erlendum uppruna, þarf að ríkja jákvætt viðhorf starfsfólks og nemenda til fjölmeningar. Jafnframt þarf að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi starfsfólks og nemenda á bakgrunni nemenda af erlendum uppruna. Upplýsingar um námið og skipulag skólastarfsins þurfa að vera góðar og aðgengilegar fyrir alla foreldra/forráðamenn til þess að þeir geti á sem bestan hátt átt hlutdeild í námi og skólastarfi barna sinna. Góð persónuleg tengsl nemenda við kennara og samskipti skóla við foreldra/forráðamanna geta skipt sköpum þegar kemur að skólagöngu nemandans.



*Nemendur VMA taka reglulega þátt í erlendum samstarfsverkefnum, þessi mynd er tekin í Finnlandi í nóvember 2014.*

## Innritun í framhaldskóla

Nemendur af erlendum uppruna sem stunda nám í grunnskóla á Íslandi sækja um skólavist líkt og aðrir grunnskólanemendur gegnum [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is) og hefur grunnskólinn umsjón með því. Í kjölfarið hefur grunnskóli nemandans samband og óskar eftir samtali við námsráðgjafa VMA. Í fyrstu heimsókn er alltaf gert ráð fyrir túlki í viðtali. Foreldrar geta komið með óskir um túlk ef svo ber undir (Grunnskólinn greiðir fyrir túlkþjónstu á meðan nemandinn er skráður þar). Þeir einstaklingar sem ekki hafa verið í grunnskóla á Íslandi hafa samband við stjórnendur skólans eða námsráðgjafa og sækja um skólavist.

Í fyrstu heimsókn nemanda, sem fyrirhuguð er að vori, er ætlast til að fulltrúi frá grunnskóla nemandans komi með í viðtalið sem og foreldri/forráðamaður. Mikilvægt er að sá sem hefur umsjón með þessari fyrstu heimskókn nemandans skrái niður nafn hans, fæðingarár, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra/forráðamanna. *Handbók nýnema og forráðamanna* er afhent og foreldrum er sérstaklega bent á að kynna sér hvað þeir þurfa að taka með í móttökuvíðtalið, þ.e. upplýsingar um fyrri skólagöngu, s.s. einkunnir og greiningar, heilbrigðis- og bólusetningavottorð. Æskilegt er að nemandinn hafi fengið íslenska kennitölu.

### ***Dvalarleyfi, kennitala, tryggingar og heilbrigðisvottorð***

Meginreglan er að veita nemendum sem eru af erlendum uppruna skólavist eins fljótt og auðið er. Ekki er beðið eftir því að þeir fái dvalarleyfi, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli sé komið af stað vegna þess. Meðan á umsóknarferli um dvalarleyfi stendur eru nemendur utan þjóðskrár, en eru skráðir um leið og formlegt dvalarleyfi hefur verið afgreitt. Í einhverjum tilvikum gæti skólinn þurft að ítreka við foreldra og hvetja þá til að skila umbeðnum gögnum.

Allir nemendur verða að hafa kennitölu. Til að geta sótt um kennitölu fyrir nemandann verður annað foreldrið/forráðamaður að hafa dvalarleyfi. Framvísa þarf fæðingarvottorði barnsins hjá Þjóðskrá. Foreldri/forráðamaður verður að sækja um kennitölu fyrir nemandann og vera sjálft með útgefið dvalarleyfi og skráð í þjóðskrá. Liggja þarf fyrir að sótt hafi verið um dvalarleyfi fyrir nemandann hjá Útlendingastofnun áður en umsókn um skólavist er send til skólans.

Allir sem fá dvalarleyfi hér á landi þurfa að sýna fram á að þeir hafi einhvers konar sjúkratryggingu. Börn undir 18 ára aldri njóta sömu trygginga og foreldrar þeirra.

Heilbrigðis- og bólusetningavottorð þarf að fylgja umsókn um skólavist (gert er ráð fyrir að búið sé að ganga frá þessu í grunnskólunum fyrir þá nemendur sem hafa verið þar).

Samkvæmt verklagsreglum sóttvarnarlæknis skulu þau börn sem koma til landsins frá eftirtöldum svæðum gangast undir læknisrannsókn vegna sóttnæmra sjúkdóma: Mið- og Suður Ameríku, þ.m.t. Mexíkó, löndum í Evrópu sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Asíu og Afríku. Nemendur sem koma frá eftirtöldum ríkjum þurfa hins vegar ekki að framvísa læknisvottorði: Löndum innan EES (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu), Sviss, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Læknisrannsóknin tekur til þeirra smitsjúkdóma sem ógna heilsu manna á hverju því landsvæði sem komið er frá. Börn sem flust hafa til landsins frá svæðum þar sem berklar eru útbreiddir skal berklaprófa við komu til landsins í tengslum við umsókn um dvalarleyfi. Við upphaf skólagöngu þessara barna skal gengið úr skugga um að þau hafi undirgengist læknisrannsókn, þ.m.t. berklapróf. Heilsugæslustöðin á Akureyri sér um bólusetningar og heilbrigðisvottorð.

Nánari upplýsingar um dvalarleyfi, kennitölu, tryggingar og heilbrigðisvottorð eru á vef Fjölmenningsseturs <http://www.mcc.is/tulkun-og-upplýsingar/fyrstu-skrefin-upplýsingabaeklingur/> Einnig gefur Alþjóðastofan á Akureyri, [www.astofan.akureyri.is](http://www.astofan.akureyri.is), upplýsingar og á heimasíðu þeirra eru meðal annars upplýsingar á íslensku, ensku og pólsku.

### ***Fyrstu skrefin í skólanum***

Eftir að skráningu í framhaldsskóla er lokið, eða við það að ljúka, er nemandi og foreldrum/forráðamönnum boðið að koma í skólann í móttökuviðtal. Móttökuviðtalið er ekki síður fyrir foreldra/forráðamenn en nemendur sjálfa. Tulkur er fenginn á staðinn hvort heldur sem báðir eða annað foreldri/forráðamaður er af erlendum uppruna. Þetta er gert til þess að tryggja að báðir foreldrar/forráðamenn séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og að þær upplýsingar sem þarf að koma á framfæri komist til skila. Í móttökuviðtalinu er farið yfir innritun nemandans í skólann og frekari upplýsinga aflað (sjá móttaka nemandans af erlendum uppruna). Helstu starfshættir og reglur skólans eru kynntar, s.s. samstarf heimilis og skóla, félagsslíf nemandans og gerð drög að námsskipan fyrir nemandann. Ef því verður við komið er nemandinn kynntur fyrir umsjónarkennara sínum. Farið er vandlega yfir námslega stöðu nemandans, meðal annars með tilliti til íslenskukunnáttu og nám hans skipulagt í samræmi við það. Rætt er um stöðupróf í móðurmáli og kennslu í ÍSA. Nemandinn getur farið í stöðupróf í ýmsum tungumálum en einingar úr þeim prófum geta komið í stað annars erlends tungumáls eða valgreina. ÍSA (íslenska sem annað mál) er íslenskuáfangi sem er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Jafnframt þarf nemandinn að sinna almennu íslenskunámi sem gengur út á lestur, áhorf, hlustun og samskipti, þ.e. vera virkur og taka þátt í íslensku samfélagi.

## ***Fyrsti skóladagurinn***

Umsjónarkennari nemandans tekur á móti honum á fyrsta skóladegi og tekur hann þátt í skóladeginum eins og aðrir nemendur. Nemandinn hefur umsjónarkennara og námsráðgjafa sér til stuðnings ef á þarf að halda.

## ***Stöðumat***

Um miðja önn eru nemandi og foreldrar/forráðamenn boðaðir til fundar. Þar er rætt um skólabyrjunina og hvernig gengur náms- og félagslega.

Eftir að fyrsta skólaárinu er lokið er nemandinn ekki lengur í umsjónartímum (LKN) hjá umsjónarkennara. Þá flyst umsjón yfir til kennslustjóra viðkomandi brautar og náms- og starfsráðgjafa. Viðtöl og önnur aðstoð eru eftir þörfum og getur hvort heldur sem er skólinn eða foreldrar/nemandi óskað eftir viðtali.

## **Gátlisti námsráðgjafa vegna móttöku nemenda af erlendum uppruna**

### ***1. Innritunarviðtal***

- ( ) Upplýsingar um nemanda af erlendum uppruna berast frá grunnskóla eða námsráðgjafi skólans leitar eftir upplýsingum frá viðkomandi grunnskóla.
- ( ) Fyrsta heimsókn í skólann, sjá nánari umfjöllun á bls. 5
- ( ) Kanna hvort nemandi sé með dvalarleyfi eða kominn með íslenskan ríkisborgararétt.
- ( ) Kennitala.
- ( ) Símanúmer og netföng foreldra/forráðamanna komin í INNU.
- ( ) Heilbrigðisvottorð.
- ( ) Almennar upplýsingar um nám og námsframboð í VMA
- ( ) Almennar upplýsingar hvað felst í því að vera í námi á framhaldsskólastigi

### **Ef nemandinn hefur ekki verið í grunnskóla á Íslandi**

Viðtal í lið 1 fellur út

## **2. Móttökviðtal**

- ( ) Ákveðið hverjir taka þátt í móttöku nemanda.
- ( ) Ákveðið hvaða upplýsinga skuli óskað eftir um nemandann.
- ( ) Ákveðið hvaða upplýsingar eru veittar foreldrum/forráðamönnum og nemanda.
- ( ) Túlkur pantaður ef við á.
- ( ) Farið yfir innritunarblað og upplýsinga aflað um nemandann.
- ( ) Nemandi kynntur fyrir umsjónarkennara sínum ef því verður við komið.
- ( ) Gögn frá skólanum kynnt og afhent.
- ( ) Helstu starfshættir og reglur skólans kynntar.
- ( ) Rætt um samstarf heimilis og skóla.
- ( ) Gengið frá umsókn í skólann (gæti verið grunnskólinn sem lýkur því).
- ( ) Gerð drög að skipan náms fyrir nemandann.
- ( ) Íslenskukunnátta metin og ákveðið hvaða áfangi hentar nemandanum.
- ( ) Sagt frá félagslífi nemenda (t.d. Nýnemahátíð, árshátíð, klúbbar, söngkeppni).
- ( ) Kannað hvort nemandi hafi einhver ofnæmi eða aðra sjúkdóma sem geta haft áhrif á skólagöngu hans.
- ( ) Nemanda og foreldrum/forráðamönnum er kennt að nýta sem upplýsingakerfi skólans INNU.

### **Ef nemandinn hefur ekki verið í grunnskóla á Íslandi**

Þetta viðtal fer e.t.v. ekki fram fyrr en eftir að skólaárið er byrjað.

- ( ) Farið yfir þá þætti sem fjallað er um í lið 2.

## **3. Fyrstu skrefin í skólanum**

- ( ) Sjá nánari umfjöllun á bls. 7
- ( ) Undirbúningur og móttaka á fyrsta skóladegi.
- ( ) Hlutverk umsjónarkennara.
- ( ) Farið yfir stöðumat og skipulag íslenskukennslu.



#### **4. Staða nemanda á miðri fyrstu önn, fundur með foreldrum/forráðam.**

- ( ) Stöðufundur boðaður.
- ( ) Samstarf heimilis og skóla.
- ( ) Foreldrafundir/samráðsfundir.
- ( ) Náms- og starfsráðgjafi minnir á sína aðstoð.
- ( ) Úrræði í lokaprófum.
- ( ) Líðan nemanda
- ( ) Námsleg staða

Sjá nánari umfjöllun á bls.7

#### **5. Framvinda skólagöngu nemandans**

- ( ) LKN umsjón ekki lengur til staðar.
- ( ) Umsjón flyst til kennslustjóra/brautarstjóra viðkomandi brautar.
- ( ) Námsráðgjafi hefur einnig umsjón með nemendum af erlendum uppruna.
- ( ) Viðtöl og önnur aðstoð eftir þörfum.

## Yfirlit yfir gagnlegar vefsíður

- **Heimasíða Reykjavíkurborgar um fjölmenningu** <http://reykjavik.is/fjolmenning-i-grunnskola>
- **Tungumálatorg** – miðlun efnis og upplýsinga um tungumálakennslu <http://tungumalatorg.is/>
- **Alþjóðastofan á Akureyri** <http://www.astofan.akureyri.is/is>
- **Heilsugæslan á Akureyri**, upplýsingar á ensku <http://www.akureyri.is/heilsugaeslan/english-information>
- **Fjölmenningarsetur** – upplýsingaveita um réttindi, skyldur og ýmisleg málefni tengt því þegar fólk flytur til Íslands <http://www.mcc.is/>
- **Yfirlit yfir skólakerfið á Íslandi**, af vef menntamálaráðuneytis [http://eng.menntamalaraduneyti.is/education-in-iceland/Educational\\_system/](http://eng.menntamalaraduneyti.is/education-in-iceland/Educational_system/)
-